

Skólastjórnendur og sérkennarar

Breyting á framkvæmd frávika.

Sú breyting hefur verið gerð á framkvæmd samræmdra könnunarprófa í 4. og 7. bekk að skólastjórnendur ákveða sjálfir hvaða nemendur þurfa og eiga að fá heimild til að nýta sér viðbótar prófatíma í samræmdu könnunarprófunum í 4. og 7. bekk. Með öðrum orðum það þarf ekki að senda beiðni til Námsmatsstofnunar þegar frávikið felst ekki í öðru en lengri tíma fyrir nemendur. Viðbótartíminn verður eftir sem áður 40 mínútur (20 mínútur í hvorum hluta).

Ef frávikið felst í einhverju öðru, til dæmis lestraraðstoð, þarf að senda beiðni þar um til Námsmatsstofnunar. Öllum frávikum fylgir lengri tími.

Önnur nýmæli.

Ekki verður boðið upp á að stækka prófhefti í A3 fyrir nemendur. Þess í stað verður boðið upp á prófhefti með 14 punkta steinskriftarletur sem er þægilegra fyrir nemendur með lesblindu (stærri letur og hreinir stafir, engin aukastrík). Þessi hefti verður hægt að fá í þremur litum, fólgrænum, fölgulum og fjólubláum (sjá fráviksblað).

Í haust eiga skólar að fylla út fráviksbeiðni á netinu. Þetta fer fram með þeim hætti að eftir að hafa slegið inn tilheyrandi aðgangs- og lykilorð fæst aðgangur að lista yfir nemendur skólans í viðkomandi árgangi. Þegar viðkomandi nemandi er valinn með því að smella á kennitölu hans opnast form áþekkt hefðbundnu frávikseyðublaði. Rafræna eyðublaðið er fyllt út samviskusamlega og sent að því loknu. Send beiðni er staðfesting þess að beiðnin sé gerð með samþykki foreldra. Fráviksbeiðni er ekki fyllt út nema með vitund og vilja nemenda og foreldra/forsjáraðila. *Hnappur fyrir fráviksbeiðni verður virkur á vefsíðu í síðasta lagi 12. september. Aðgangs- og lykilorð fylgja sendingu til skólanna í byrjun september.*

Skólanum er í sjálfsvæl sett hvernig hann heldur utan um samþykktir foreldra. Nota má meðfylgjandi eyðublað til þess ef vill. Þessi blöð á hins vegar ekki að senda Námsmatsstofnun.

Forsenda þess að hægt sé að fylla út fráviksbeiðni á netinu er sú að Námsmatsstofnun hafi fengið nemendalista viðkomandi skóla. Þeir skólar sem eru með fjölnotendaútgáfu af Stundvísi eiga að geta gengið að því sem vísu að listarnir séu komnir í byrjun september en aðrir skólar verða að láta það verða sitt fyrsta verk að senda listana til stofnunarinnar, í síðasta lagi 6. september.

Umsóknarfrestur fyrir beiðni um frávík rennur út 20. september 2005.

Ef nemandi er ekki á nemendalista skólans, þegar til á að taka, þá skal koma boðum þess efnis til Námsmatsstofnunar sem fyrst. Að morgni næsta dags ætti að vera búið að bæta úr því og þá er hægt að fylla út fráviksbeiðnina.